

VIRKJANIR Á VEITULEIÐ BLÖNDUVIRKJUNAR, HÚNAVATNSHREPPI

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra virkjana á veituleið Blönduvirkjunar felist í áhrifum á gróður og landslag. Áætlað er að vegna framkvæmda við veituskurð frá Þramavirkjun muni 8 ha votlendis skerðast. Skipulagsstofnun telur hins vegar líklegt að afleidd áhrif þess verði að land þorni í nágrenni skurðarins og langtímaáhrif verði umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í matsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að áhrif Þramavirkjunar á gróður verði talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun telur helstu neikvæðu áhrif framkvæmdanna á landslag verða vegna efnistöku, haugsetningar og rasks á vinnusvæðum. Með hliðsjón af því að þeir veituskurðir sem eru til staðar hafa þegar sett mark sitt á landslag og ásýnd svæðisins telur Skipulagsstofnun að það sé síður viðkvæmt fyrir breytingum. Ósnert víðerni liggja vestan við fyrirhugað framkvæmdasvæði en framkvæmdirnar munu ekki hafa þar bein áhrif. Skipulagsstofnun telur að hönnun og frágangur mannvirkja vegna fyrirhugaðra framkvæmda eigi að miða að því að tryggja að óskert víðernin skerðist ekki og að ný mannvirki sjáist ekki þaðan. Skipulagsstofnun telur að áhrif á landslag og sjónræn áhrif virkjanaframkvæmda í heild verði nokkuð neikvæð og áhrifin verði bein og varanleg eftir að rekstur virkjananna hefst.

Skipulagsstofnun leggur til eftirfarandi skilyrði við veitingu framkvæmdaleyfis:

Landsvirkjun eigi samráð við Umhverfisstofnun um endanlega legu veituskurðar frá stöðvarhúsi Þramavirkjunar að Gilsárlóni með það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr skerðingu votlendis á þeirri leið.

Skipulagsstofnun

1	Inngangur	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar.....	3
1.2	Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar	3
2	Framkvæmd og markmið	4
2.1	Stöðvarhús, stíflumannvirki og aðrennslis- og frárennslisgöng	4
2.1.1	Kolkuvirkjun.....	4
2.1.2	Friðmundarvirkjun ásamt stíflumannvirki og inntakslóni	5
2.1.3	Bramarvirkjun.....	5
2.2	Hjárennslis.....	5
2.3	Vegir.....	5
2.4	Verkaðstaða og vinnubúðir	5
2.5	Efnistaka, efnislosun og frágangur svæða	6
3	Tengdar framkvæmdir.....	6
4	Vægiseinkunnir.....	6
5	Niðurstaða um mat á umhverfisáhrifum.....	7
5.1	Áhrif á menn og samfélag.....	7
5.1.1	Áhrif á landslag og sjónræn áhrif	7
5.1.2	Áhrif á landnotkun.....	9
5.1.3	Áhrif á hljóðvist	9
5.2	Áhrif á menningarminjar	10
5.3	Áhrif á gróður og dýralíf	10
5.3.1	Áhrif á gróður	10
5.3.2	Áhrif á fugla	12
5.3.3	Áhrif á vatnalíf	12
5.4	Staða skipulags og leyfisveitinga	12
6	Niðurstaða Skipulagsstofnunar	13

1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 5. júní 2014 sendi Landsvirkjun, frummatsskýrslu um virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar í Húnavatnshreppi til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 13. júní 2014 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 13. júní til 25. júlí 2014 á skrifstofu Húnavatnshrepps, Héraðsbókasafni Austur-Húnavatnssýslu, Blönduósi, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Skýrslan var kynnt á opnu húsi í Húnavallaskóla á Húnavöllum þann 26. júní 2014. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á heimasíðu Landsvirkjunar: www.lv.is og heimasíðu Verkís: www.verkis.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagna Húnavatnshrepps, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Landgræðslu ríkisins, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun ein athugasemd, frá Grími Friðgeirssyni. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar og athugasemdina til Landsvirkjunar.

Þann 12. september 2014 sendi Landsvirkjun matsskýrslu um virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar í Húnavatnshreppi til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. LV-2014-041. Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. 2. júní 2014.

Önnur gögn: Eftirtaldar sérfræðiskýrslur:

- Arnór Þ. Sigfússon 2013. Fuglar á veituleið Blönduvirkjunar. Könnun á framkvæmdasvæði fyrirhugaðra virkjana. LV-2013-110, 10 bls.
- Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson 2012. Fornleifaskráning á veituleið Blönduvirkjunar. Byggðasafn Skagfirðinga. Rannsóknaskýrslur 2012/131, 23 bls.
- Elín Vignisdóttir og Hrafnhildur Brynjólfssdóttir 2013. Landslagsgreining á áhrifasvæði virkjana á veituleið Blönduvirkjunar. LV-2013-117, 39. bls.
- Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen 2012. Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar. Gróðurkort. NÍ-12007, 32 bls.
- Steinsholt sf 2014. Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar. Staðsetning efnislosunarsvæða og frágangur raskaðs yfirborðs. LV-2014-23, 28 bls.

Umsagnir bárust frá:

- Húnavatnshreppi með bréfi dags. 27. júní 2014.
- Ferðamálastofu með bréfi dags. 14. júlí 2014.
- Fiskistofu með bréfi dags. 15. júlí 2014.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 14. júlí 2014.
- Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 3. júlí 2014.
- Landsneti með tölvupósti dags. 18. júní 2014.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 2. júlí 2014.

- Orkustofnun með bréfi dags. 7. júlí 2014.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. júlí 2014.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 16. júlí 2014.

Athugasemd barst frá:

- Grími Friðgeirssyni með tölvupósti dags. 23. júní 2014.

Matsskýrsla: LV-2014-077. Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. September 2014.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Samkvæmt matsskýrslu fyrirhugar Landsvirkjun að reisa allt að þrjár virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar, frá Blöndulóni að Gilsárlóni skammt ofan Blöndustöðvar. Uppsett afl virkjananna verður 31 MW, Kolkuvirkjun (8 MW), við Kolkustíflu, Friðmundarvirkjun (11 MW), milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns og síðan Þramarvirkjun (12 MW), milli Austara-Friðmundarvatns og Gilsárlóns. Fram kemur að nýir veituskurðir verði grafnir við hverja virkjun og vegna Friðmundarvirkjunar verði myndað inntakslón með stíflu suðvestan við Friðmundarvatnsbungu. Frá Kjalvegi verði lagður aðkomuvegur að hverju stöðvarhúsi. Jarðefni úr veituskurðum verði að langmestu leyti komið fyrir á efnislosunarsvæðum og felld að landi í nálægð við mannvirki, en jafnframt nýtt í fyllingar í stíflu og vegi.

Fram kemur að svæðið sem framkvæmdin nái til verði um 25 km að lengd og afmarkist af Gilsárlóni til norðurs og Blöndustíflu og Kolkustíflu til suðurs. Til vesturs afmarkist svæðið af núverandi veituleið Blönduvirkjunar og að mestu af Kjalvegi til austurs.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að unnið verði samtímis að byggingu virkjananna þriggja og að þær verði gangsettar á svipuðum tíma. Framkvæmdatími verði um 2 ½ ár og muni skapa 200-250 ársverk.

Samkvæmt matsskýrslu er markmið framkvæmdarinnar að fullnýta til orkuöflunar allt að 69 m fall á veituleið Blöndu frá Blöndulóni að inntakslóni Blöndustöðvar.

2.1 STÖÐVARHÚS, STÍFLUMANNVIRKI OG AÐRENNSLIS- OG FRÁRENNSLISGÖNG

2.1.1 Kolkuvirkjun

Í matsskýrslu kemur fram að með Kolkuvirkjun sé ætlunin að virkja um 17 m fall, frá Blöndulóni að Þrístiklu. Stöðvarhús virkjunarinnar, að mestu leyti neðanjarðar, verði reist nálægt norðurenda Kolkustíflu og grafinn um 350 m langur og 8 m breiður aðrennslisskurður frá Blöndulóni að inntaki virkjunarinnar. Stöðvarhússið verði um 1.100 m² en að mestu neðanjarðar. Frá stöðvarhúsinu verði grafinn frárennslisskurður (um 350 m langur og 8 metra breiður, í botni) yfir í núverandi veituskurð er liggja neðan Kolkustíflu yfir í Þrístiklu. Á meðan á byggingu Kolkuvirkjunar standi verði umferð um Kjalveg beint af Kolkustíflu á bráðabirgðabrá yfir Kolkuskurð sem staðsett verði um 0,5 km norðan stöðvarhússins.

Vegagerðin segir í umsögn sinni að hafa verði samráð við stofnunina vegna færslu vegarins við Kolkustíflu meðan á framkvæmdum standi.

Í svari Landsvirkjunar er ítrekað að svo verði gert, eins og fram komi í frummatsskýrslu.

2.1.2 Friðmundarvirkjun ásamt stíflumannvirki og inntakslóni

Fram kemur að Friðmundarvirkjun muni nýta 25 m fall milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns. Um 1.800 m langur og 8 m breiður aðrennslisskurður verði grafinn frá Smalatjörn norður Friðmundarvatnsbungu. Norðaustan í bungunni verði stöðvarhúsið og við það gerð 1,4 km löng og allt að 10 m há jarðvegsstífla sem myndi 0,4 km² stórt inntakslón. Stöðvarhúsið verði niðurgrafið, um 1.000 m² að stærð og frá því grafinn 800 m langur og allt að 30 m djúpur frárennslisskurður út í Austara-Friðmundarvatn.

2.1.3 Þramavirkjun

Fram kemur að Þramavirkjun muni nýta 27 m fall milli Austara-Friðmundarvatns og Gilsárlóns. Úr Austara-Friðmundarvatni verði grafinn 2.600 m langur og 8 m breiður aðrennslisskurður að inntaki virkjunarinnar. Stöðvarhús, um 1.000 m² að flatarmáli, verði að mestu leyti neðanjarðar og þaðan grafinn um 3.000 m langur og 8 m breiður frárennslisskurður norður í Gilsárlón.

2.2 HJÁRENNSLI

Í matsskýrslu kemur fram að á rekstartíma Kolkuvirkjunar verði hjárennsli veitt í Þrístiklu um núverandi lokuvirki í Kolkustíflu og um Kolkuskurð.

Vegna Friðmundarvirkjunar verði núverandi yfirfall úr Smalatjörn hækkað í 461 m yfir sjávarmáli og breikkað um 6 m. Lokað verði fyrir núverandi veituleið norður í Austara-Friðmundarvatn, nema í undantekningartilfellum. Í yfirfalli verði rauf með plankaloku og tryggja eigi að vetrarennsli um núverandi veituskurð verði 1-2 m³/s.

Vegna Þramavirkjunar verði yfirfall úr Austara-Friðmundarvatni hækkað í 436 m hæð yfir sjávarmáli og breikkað um 6 m. Lokað verði fyrir núverandi veituleið um Fiskilæk norður í Gilsvatn, nema í undantekningartilfellum. Í yfirfalli verði rauf með plankaloku til að tryggja 1-2 m³/s vetrarrennsli um Fiskilæk.

2.3 VEGIR

Fram kemur að á meðan á byggingu Kolkuvirkjunar standi verði umferð um Kjalveg beint af Kolkustíflu á bráðabrigðabru yfir Kolkuskurð, um 0,5 km norðan stöðvarhússins. Aðkoma að stöðvarhúsi Friðmundarvirkjunar verði um gamalt endurbætt vegstæði frá Kjalvegi. Brú á núverandi veituskurði norðan Smalatjarnar verður viðhaldið og jafnframt byggð brú á nýjan skurð við vesturenda núverandi Fannlækjastíflu í Austara-Friðmundarvatni. Þá verði gerður vegur frá Kjalvegi að stöðvarhúsi Þramavirkjunar. Viðhalda á brú á Fiskilæk norðan Austara-Friðmundarvatns, en jafnframt byggð ný brú á nýjan aðrennslisskurð Þramavirkjunar nærri Austara-Friðmundarvatni.

2.4 VERKAÐSTAÐA OG VINNUBÚÐIR

Í matsskýrslu kemur fram að verkaðstaða skiptist í mótuneyti, svefnskála og aðstöðu fyrir tæki og búnað. Á framkvæmdatíma verði við hvert stöðvarhús verkaðstaða fyrir um 100 manns, alls um 10.000 m² lands. Vegna byggingar Friðmundarvirkjunar og Þramavirkjunar verði auk þess nýtt fyrirbyggjandi aðstaða fyrir vinnubúðir á Eiðsstaðabungu, á móts við inntakslón Blöndustöðvar. Aðstaða fyrir vinnubúðir við Blöndustíflu verði einnig nýttar vegna byggingar Kolkuvirkjunar.

2.5 EFNISTAKA, EFNISLOSUN OG FRÁGANGUR SVÆÐA

Í matsskýrslu kemur fram að taka þurfi efni til byggingar stöðvarhúsa, inntaka, í stíflufyllingu og aðkomuvegi. Hluti jarðefna sem losni við gröft veituskurða verði nýttur í bráðabirgðavegi og nauðsynlegar fyllingar. Mest allt fast efni sem fáist úr sprengigreftri muni nýtast í stíflu við Friðmundarlón. Annað efni verði tekið úr opnum námum samkvæmt aðalskipulagi Húnavatnshrepps.

Vegna stöðvarhúss og inntaks virkjananna verði þörf fyrir malarefni í steypu á bilinu 20-40.000 m³, sem sótt verði í námu við Ytri-Löngumýri og í Blöndugili, rétt norðan við Blöndustíflu (námur E15 og E22 í gildandi aðalskipulagi Húnavatnshrepps). Grjót í stíflu við Friðmundarlón verði sótt í námur við Kjalveg nærri Gilsárlóni (námur E20 og E23) og í Blöndugili, norðan við Blöndustíflu (náma E21). Við frágang náma verði eftir atvikum sléttað yfir svæðið, moldarlag borið yfir, hún löguð að landi og í hana sáð grasfræi.

Í matsskýrslu kemur fram að um 190.000 m³ af jarðefnum muni falla til vegna Kolkuvirkjunar. Vegna Friðmundarvirkjunar er áætlað að til falli um 610.000 m³ af lausum jarðefnum og um 110.000 m³ af sprengigrjóti. Vegna Þramavirkjunar er ráðgert að til falli 1.370.000 m³ af jarðefnum. Hluti þessa efnis mun nýtast í bráðabirgðavegi og nauðsynlegar fyllingar en mestan hluta efnisins þurfi að haugsetja. Samtals er gert ráð fyrir að efnið verði haugsett á átta haugsetningarsvæðum. Að haugsetningu lokinni verði svæðin mótuð og grædd upp með sáningu eða náttúrulegt yfirbragð svæðisins endurheimt ef nýtanlegt svarðlag sé til staðar á svæðinu.

Í matsskýrslu kemur fram að Landsvirkjun geri ráð fyrir að núverandi veituskurðir Blönduvirkjunar verði endurbættir þannig að halli fláa verði minnkaður, þeir fái sem náttúrulegast útlit og skapi hvorki hættu fyrir búpening né almenning.

3 TENGDAFRAMKVÆMDIR

Í matsskýrslu kemur fram að Landsnet áformi að reisa 220 kV háspennulínu, Blöndulínu 3, frá Blöndustöð til Akureyrar. Þá muni Landsnet tengja fyrirhugaðar virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar við flutningskerfið. Í þeim tilgangi verði lagður allt að 66 kV jarðstrengur, ásamt ljósleiðara, frá fyrirhugaðri Kolkuvirkjun sem fylgja muni Kjalvegi að mestu leyti norður heiðina í Blöndustöð. Á leiðinni muni strengurinn tengjast fyrirhuguðum Friðmundarvirkjun og Þramavirkjun.

Skipulagsstofnun bendir á að þann 29. janúar 2013 gaf stofnunin álit sitt vegna mats á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Þá tók Skipulagsstofnun ákvörðun þann 21. maí 2014 um að lagning 66 kV jarðstrengs ásamt ljósleiðara, frá fyrirhugaðri Kolkuvirkjun við Blöndulón meðfram Kjalvegi að Blöndustöð skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

4 VÆGISEINKUNNIR

Í matsskýrslu Landsvirkjunar er lagt fram mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti og stuðst við leiðbeiningar sem Skipulagsstofnun gaf út árið 2005 sem uppfærðar voru 2012, um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í leiðbeiningunum er greint frá vægi áhrifa með vægiseinkunnum, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg, síðar talsvert jákvæð og að lokum eru mestu jákvæðu áhrifin metin sem verulega jákvæð. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu í leiðbeiningunum og einnig í kafla 7.1 í

matsskýrslu Landsvirkjunar. Í þessu álitu notar Skipulagsstofnun að mestu leyti vægiseinkunnir á sama hátt og gert er í fyrrnefndum leiðbeiningum.

5 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

5.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

5.1.1 Áhrif á landslag og sjónræn áhrif

Landslag. Í matsskýrslu kemur fram að samkvæmt niðurstöðu landslagsgreiningar séu sex einkennissvæði landslags á veituleið Blönduvirkjunar, sem greinist í tuttugu landslagsheildir. Af þeim hafi landslagsheildirnar Vestara Friðmundarvatn og Réttarholtsflá mest gildi. Báðar heildirnar séu ósnortin víðerni á háheiðinni og einkennist af öldóttu og gróðursælu landslagi, en liggja utan veituleiðarinnar. Vestara Friðmundarvatn er á náttúruminjaskrá. Réttarholtsflá sé votlent svæði þaðan sem vötn falli til Vatnsdals. Bæði svæðin teljist til almennra verndarsvæða í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands og falli undir hverfisvernd í aðalskipulagi Húnavatnshrepps. Næst á eftir ofangreindum landslagsheildum komi heildin Lómatjarnir, austan við Kjalveg og þar á eftir komi sjö landslagsheildir þar af tvær, Gilsvatn og Þrístikla, á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem raskað hefur verið með Blönduveitu. Fram kemur að þær landslagsheildir sem hafi gildi vegna verndar eða útivistar dreifist um allt athugunarsvæðið en landslagsheildir sem hafi gildi vegna mannvista séu einkum staðsettar um miðja Auðkúluheiði og suður undir Blöndulón.

Í matsskýrslu kemur fram að stöðvarhús Kolkuvirkjunar verði í fæti núverandi Kolkustíflu og í manngerðu landslagi við Blöndulón. Landi hafi þegar verið raskað vegna fyrri framkvæmda á svæðinu og gildi landslagsheildarinnar ætti ekki að minnka við fyrirhugaðar framkvæmdir. Áhrif af Kolkuvirkjun á landslag teljist nokkuð neikvæð.

Fram kemur að Friðmundarvirkjun og öll mannvirki tengd henni verði staðsett innan landslagsheildarinnar Þrístiklu sem hafi gildi vegna útivistar, votlendis/vatns og mannvista. Nýju mannvirkin verði reist nálægt gömlu veituleiðinni en umfang þeirra verði mun meira, með nýtt lón, inntak og stöðvarhús. Lónið verði eins og eitt vatnanna sem fyrir séu í öldóttu heiðarlandslaginu. Þó inntakshús eða stöðvarhús virkjunarinnar verði að mestu niðurgafið og rennisskurðir felldir að landslaginu munu áhrifin þó verða nokkuð neikvæð.

Fram kemur að mannvirki Þramarvirkjunar verði á mörkum tveggja landslagsheilda, þ.e. Gilsvatns, og Þramarhaugs. Heildin Gilsvatn hafi gildi fyrir útivist, votlendi/vatn og mannvist og Þramarhaugur hafi gildi fyrir vernd og mannvist, en þar séu áberandi vörður. Kjalvegur liggja eftir landslagsheildinni Þramarhaug og á því svæði verði veituskurðir Þramarvirkjunar í um 40 m fjarlægð frá veginum. Landslagsheildin Þramarhaugur sé rofin af Kjalvegi og núverandi veituleið Blönduvirkjunar liggja um landslagsheildina Gilsvatn.

Fram kemur að landslagsheildir sem hafi mest gildi séu fjarri veituleiðinni og verða ekki fyrir áhrifum frá fyrirhuguðum framkvæmdum. Núverandi veituleið Blönduvirkjunar liggja milli vatna sem var raskað þegar jökulvatni var leitt um þau og fyrirhugaðar framkvæmdir verði að stórum hluta í landslagi sem nú þegar hefur verið að einhverju leyti raskað. Gildi þeirra landslagsheilda sem verði fyrir áhrifum felist oftast í veiði og útivist (göngu- og reiðleiðir) og í heildina sé líklegt að áhrif framkvæmdanna verði nokkuð neikvæð. Áhrif virkjananna eru talin bein og varanleg, en þó afturkræf ef mannvirki yrðu fjarlægð. Ekki er talið að efnistaka muni raska landslagi eða hafa áhrif á gildi landslagsheilda.

Í matsskýrslu kemur fram að mótvægisáðgerðir muni felast í landmótun haugsetts efnis og hönnun mannvirkja, sem miði að því fella þau sem mest að landinu til að draga úr sýnileika þeirra og áhrifa á landslag. Einnig verði reynt að forðast röskun flóa og mýrarsvæða.

Sjónræn áhrif. Samkvæmt matsskýrslu kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir verði að stórum hluta í landi sem þegar hefur verið raskað með veituskurðum á núverandi veituleið Blönduvirkjunar og myndun Blöndulóns og Gilsárlóns. Svæðið sé í alfaraleið og töluverð umferð ferðamanna fari um Kjalveg á leið sinni yfir hálendið. Frá veginum verði mannvirki Þramavirkjunar og Kolkuvirkjunar sýnilegri vegfarendum en núverandi veitumannvirki Blönduvirkjunar. Áhrif af Kolkuvirkjun og Þramavirkjun á ásýnd lands teljast nokkuð neikvæð og áhrifin bein, varanleg en þó afturkræf. Mannvirki Friðmundarvirkjunar verði fjær Kjalvegi og síður sýnileg þaðan, en þó sýnileg frá vegi vestan veituleiðarinnar. Friðmundarlón muni ekki skera sig frá öðrum vötnum á veituleiðinni. Fram kemur að áhrif af Friðmundarvirkjun, lóni og stíflu á ásýnd lands teljist nokkuð neikvæð, áhrifin séu bein og varanleg en þó afturkræf.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að nýta eigi virkjanasvæði sem þegar hefur verið raskað í stað þess að taka ný og óröskuð svæði undir mannvirkjagerð. Með því að haugsetja efni á jafn mörgum stöðum og gert sé grein fyrir í frummatsskýrslu gefist möguleiki til að fella haugsvæðin betur að svipmóti lands á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Einnig sé jákvætt að ganga að nýju frá svæðum sem raskað var við byggingu Blönduvirkjunar.

Skipulagsstofnun telur rétt að hafa í huga að fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir verða í landi sem þegar hefur verið raskað vegna framkvæmda við Blönduvirkjun á sínum tíma og jafnframt liggur Kjalvegur um Auðkúluheiði austan við fyrirhuguð veitumannvirki. Mannvirki verða staðsett á landi sem einkennist af gróðursælu öldóttu heiðarlandslagi og heiðarvötnum, en á framkvæmdasvæðinu er einnig að finna votlendi.

Skipulagsstofnun telur helstu neikvæðu áhrif framkvæmdanna á landslag verða vegna efnistöku, haugsetningar og rasks á vinnusvæðum. Samkvæmt matsskýrslu munu framkvæmdirnar ekki hafa áhrif á landslagsheildir sem hafa gildi fyrir ósnert víðerni eða vernd (svæði á náttúruverndaráætlun, hverfisvernd), en slíkar heildir liggja vestan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Stofnunin telur að neikvæð áhrif einstakra virkjana verði áþekk á landslag og ásýnd svæðisins. Með hliðsjón af því að fyrirliggjandi veituskurðir hafa þegar sett mark sitt á landslag og ásýnd svæðisins telur Skipulagsstofnun að það sé síður viðkvæmt fyrir breytingum. Skipulagsstofnun telur að hönnun mannvirkja og haugsetning jarðefna og mótun þeirra að landi, eins og þeim er lýst í matsskýrslu, sé til þess fallið að draga úr sýnileiki nýrra mannvirkja og þannig verði sjónræn áhrif frekar staðbundin. Skipulagsstofnun telur rétt að áréttu það sem kemur fram í sérfræðiskýrslu um landslagsgreiningu á áhrifasvæði virkjananna, að þegar uppgröftur vegna mannvirkja hefjist verði tryggt eins og kostur er að halda eftir svarðlagi svo staðargróður nái sér á strik á þeim svæðum sem grædd verða upp að framkvæmdum loknum. Jafnframt telur stofnunin að hönnun og frágangur mannvirkja vegna fyrirhugaðra framkvæmda eigi að miða að því að tryggja að óskert víðerni suðvestur af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði skerðist ekki og að ný mannvirki sjáist ekki þaðan. Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif virkjanaframkvæmda í heild verði nokkuð neikvæð og einnig á landslag og áhrifin verði bein og varanleg eftir að rekstur virkjananna hefst.

5.1.2 Áhrif á landnotkun

Í matsskýrslu kemur fram að á framkvæmdatíma sé gert ráð fyrir tímabundinni truflun ferða- og útivistarfólks á framkvæmdasvæðum, vegna aukinnar umferðar vinnuvéla og framkvæmda. Áhrifin verði nokkuð neikvæð, bein en tímabundin. Á rekstartíma verði mannvirki fyrirhugaðra virkjana víða sýnileg í landslaginu, einkum við Þramarvirkjun þar sem veituleiðin muni liggja nálægt Kjalvegi. Fram kemur að hestamennska sé helsta útivist á svæðinu. Framkvæmdin muni ekki raska reiðleiðum á heiðinni en frá þeim verði veituleiðin þó sýnileg, sérstaklega mannvirki Friðmundarvirkjunar. Um svæðið sé gegnumstreymi ferðamanna sem stoppi stutt við. Á svæðinu séu mannvirki fyrir og búið að raska landinu, en mögulega verði tilkoma fleiri mannvirkja á þessum slóðum nokkuð neikvæð fyrir þann hóp ferðamanna sem stundi náttúruferðamennsku, en óveruleg til nokkuð jákvæð fyrir aðra hópa. Þó einhver veiði sé í vötnum á svæðinu hafi dregið úr henni á síðustu árum og áhrif framkvæmdanna verði einkum á þau vötn sem þegar hafi verið raskað vegna fyrri framkvæmda vegna Blönduvirkjunar. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á náttúruverndarsvæði og nýtingu hlunninda, s.s. veiði og beitir verði óveruleg.

Ferðamálastofa gerir í umsögn sinni ekki athugasemdir við niðurstöðu frummatsskýrslu um umhverfisáhrif virkjana á veituleið Blönduvirkjunar. Með hliðsjón af þeim fjölda ferðamanna sem heimsæki Kjöl á hverju sumri leggur Ferðamálastofa áherslu á mikilvægi þess að vandað verði til verka í hvívetna og öllu raski á framkvæmdatíma, sem geti haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna, verði haldið í lágmarki. Í svari Landsvirkjunar kemur fram að á framkvæmdatíma verði dragið úr raski og viðkvæmum svæðum hlíft eins og kostur verði með tillit til útivistar og ferðamennsku.

Skipulagsstofnun telur ljóst að samkvæmt aðalskipulagi Húnavatnshrepps verða fyrirhugaðar framkvæmdir ekki á verndarsvæðum. Megin reið- og gönguleiðir um Auðkúluheiði verða utan við fyrirhugað framkvæmdasvæði, en frá þeim leiðum verða veitumannvirki þó sýnileg og á framkvæmdatíma má gera ráð fyrir að hávaði og ryk frá umferð vinnuvéla hafi áhrif á upplifun útivistarfólks. Ekki er líklegt að framkvæmdin muni hafa áhrif á veiði í vötnum umfram það sem þegar hefur orðið með tilkomu veituskurða Blönduvirkjunar á sínum tíma. Skipulagsstofnun telur að með tilliti til landnotkunar sé áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda ekki viðkvæmt, en áhrif þeirra verði varanleg. Stofnunin telur að hönnun mannvirkja og haugsetning jarðefna og mótun þeirra að landi, eins og þeim er lýst í matsskýrslu, sé til þess fallið að draga úr sýnileiki nýrra mannvirkja eins og kostur er og þannig verði sjónræn áhrif frá útivistarsvæðum frekar staðbundin. Skipulagsstofnun telur að á framkvæmdatíma verði áhrif á landnotkun nokkuð neikvæð fyrir útivist, en þó tímabundið og á rekstartíma verði þau óveruleg til nokkuð neikvæð.

5.1.3 Áhrif á hljóðvist

Í matsskýrslu kemur fram að á framkvæmdatíma verði hávaði vegna sprenginga fyrir stöðvarhúsum, gerð veituskurða og umferð vinnuvéla og flutningabíla um Kjalveg og á framkvæmdasvæði. Áætlað sé að gröftur fyrir stöðvarhúsum, inntökum og veituskurðum taki um það bil eitt ár. Gera megi ráð fyrir að hljóðstig aukist töluvert tímabundið og valdið tímabundinni truflun á kyrrð svæðisins. Á rekstartíma verði hljóðvist sambærileg núverandi grunnástandi. Fram kemur að neikvæð áhrif á hljóðvist verði tímabundin og afturkræf, helst í næsta nágrenni við byggingarsvæði þar sem þau gætu orðið nokkuð neikvæð. Umferð vegna reksturs virkjananna muni hafa óveruleg áhrif á hljóðvist.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif á hljóðvist verði bundin við framkvæmdatíma. Þau verði nokkuð neikvæð, en tímabundin og afturkræf til sambærilegrar hljóðvistar sem núverandi rekstur Blönduvirkjunar hefur. Á rekstartíma verði áhrifin því óveruleg á hljóðvist.

5.2 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að á svæði norður af Austara-Friðmundarvatni að Gilsárlóni séu fornleifar sem verði fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Um sé að ræða reiðleið og vörður við veituskurð Þramarvirkjunar. Fornleifar sem kunni að vera í hættu af völdum framkvæmda verði merktar. Með þessum mótvægisáðgerðum verði áhrif framkvæmdanna á fornleifar óveruleg. Rekstur virkjananna muni ekki hafa áhrif á fornleifar.

Minjastofnun áréttar í umsögn sinni að allar fornleifar sem eru í innan við 50 m fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði skuli merkja til að koma í veg fyrir að þær raskist að vangá. Framkvæmdaraðili þarf að hafa samráð við Minjastofnun Íslands ef ekki verður komist hjá raski á einstaka fornleifum.

Í svari Landsvirkjunar kemur fram að fornleifar verði merktar á þann hátt sem Minjastofnun Íslands tilgreini. Þá verði sótt um leyfi til stofnunarinnar ef ekki verður komist hjá raski á fornleifum og henni gert viðvart ef áður óþekktar fornleifar komi í ljós við framkvæmdir.

Skipulagsstofnun telur að sú tilhögun framkvæmda sem Landsvirkjun hefur lagt fram sé ásættanleg vegna fornleifa. Forn reiðleið liggur til suðurs frá Gilsárlóni að norðaustur enda Austara-Friðmundarvatns og um svæði þar sem veituleið og stöðvarhús Þramarvirkjunar mun liggja. Götur liggja síðan fjær framkvæmdum og austan við fyrirhugaða veituleið og stöðvarhús Friðmundarvirkjunar með Austara-Friðmundarvatni að austanverðu og áfram suður að Smalatjörn, og þaðan austur með Þrístiklu og enda við Blöndulón. Skipulagsstofnun telur líkur á að fornar reiðgötur milli Austara-Friðmundarvatns og Gilsárlóns geti orðið fyrir varanlegum og óafturkræfum áhrifum vegna efnislosunar og byggingar Þramarvirkjunar og að neikvæð áhrif á fornleifar verði nokkuð neikvæð á því svæði. Skipulagsstofnun áréttar mikilvægi þess að Landsvirkjun hafi samráð við Minjastofnun Íslands komi til þess að raska þurfi fornleifunum.

5.3 ÁHRIF Á GRÓÐUR OG DÝRALÍF

5.3.1 Áhrif á gróður

Í matsskýrslu kemur fram að helstu fyrirsjáanlegu umhverfisáhrif af völdum virkjana á veituleið á gróðurfar á svæðinu verði þar sem veituskurðir verða grafnir milli vatnanna og auk þess í stæði stöðvarhúsa Þramarvirkjunar og Friðmundarvirkjunar. Samtals raskast um 138 ha af grónu landi; 48% vegna efnislosunarsvæða, 26% vegna lóns Friðmundarvirkjunar og 25% vegna virkjanamannvirkja og aðkomuvega. Um 8 hektarar votlendis, sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37 gr. náttúrverndarlaga nr. 44/1999, mun raskast vegna veituskurðar frá Þramavirkjun að Gilsárlóni og vegna efnislosunar. Ráðgert er að endurheimta jafnmarga hektara af votlendi og reynt að græða efnislosunarsvæði þannig að þau verði sem minnst áberandi í landslagi, ásamt því að græða upp land í nágrenni framkvæmdasvæðis.

Landgræðslan leggur til að í stað þess gróðurlendis sem tapist, verði með mótvægisáðgerðum grætt upp annað land sem að flatarmáli yrði þrefalt það gróðurlendi sem tapist vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Stofnunin bendir á að fylgjast þurfi vel með rofi

og áfoki úr skurðum og lónum sem fyrirhugað sé að gera. Verði vart við uppfok þurfi að bregðast rétt og hratt við til að fyrirbyggja gróðureyðingu og rof á jarðvegi.

Í svari Landsvirkjunar kemur fram að umhverfisáhrif vegna taps á gróðurlendi verði bætt með því að endurreisa gróðurlendi í næsta nágrenni framkvæmdasvæðis, á svæði sem samkomulag náist um við umráðaaðila lands og sveitarfélag. Samráð verði haft við Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnun, sveitarstjórn Húnavatnshrepps og Sjálfseignarstofnun Auðkúluheiðar um útfærslu aðgerða, fyrirkomulag landbóta og mat á árangri. Fylgst verði með rofi í bökkum nýrra veituskurða og lóns Friðmundarvirkjunar.

Skipulagsstofnun telur ljóst að veitumannvirki, stöðvarhús og haugsett jarðefni Friðmundarvirkjunar og Kolkuvirkjunar muni raska fjalldrapamóa, en sú síðarnefnda verði þó að mestu í manngerðu umhverfi. Slíkt gróðurlendi er algengt að finna á Íslandi, það ekki talið viðkvæmt og fyrir liggur að heildarflatarmál fjalldrapamóa á fyrirhugaðri veituleið og nágrenni hennar er um 5.500 ha^[1]. Samkvæmt matsskýrslu munu 76 ha af grónu landi raskast varanlega vegna Friðmundarvirkjunar og 4 ha vegna Kolkuvirkjunar (samtals rúmlega 1% af gróðurlendi svæðisins), sem mögulega verði afturkræft. Áhrif Kolkuvirkjunar og Friðmunarvirkjunar á gróður verða að mati Skipulagsstofnunar nokkuð neikvæð.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif af Þramavirkjun á gróður verði meiri en hinna tveggja. Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á í sérfræðiskýrslu sinni, að votlendi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé náttúrufarslega mjög verðmætt á landsvísu, einkum vegna þess hve óalgengt það sé á miðhálandi Íslands og það verði að gæta þess að spilla því ekki meira en þegar hefur verið gert vegna framkvæmda við Blönduvirkjun á sínum tíma^[2].Votlendissvæði er helst að finna á norðanverðu framkvæmdasvæðinu, á milli Austara-Friðmundarvatns og Gilsárlóns, þar sem virkjanamannvirki Þramavirkjunar verða gerð. Samkvæmt matsskýrslu er áætlað að 6 ha af mýri verði raskað vegna veituskurða virkjunarinnar og 2 ha af flóa vegna haugsetningar og mótunar jarðefna. Þetta jafngildir tæplega 2% af mýrlendi á veituleið Blönduvirkjunar. Skipulagsstofnun telur að þó áætlað sé að beint rask votlendisins verði 8 ha, þá kunni afleidd áhrif þess að veituskurður mun liggja um svæðið geta leitt til þess að land þorni í nágrenni hans og endanleg áhrif á votlendi verði umfangsmeiri en gert sé ráð fyrir í matsskýrslu. Óvissa er um að hve miklu leyti veituvatn sem um skurðinn rennur muni halda við grunnvatnstreymi frá votlendissvæðum sem að honum liggja. Verðmæti votlendis á Auðkúluheiði á landsvísu og verndun þess samkvæmt lögum gerir það að verkum að gróðurlendið er sérstaklega viðkvæmt og röskun þess verður neikvæðari en annars gróðurlendis á svæðinu, sem verður ekki að fullu bætt með endurheimt votlendis á öðru svæði. Sérstaklega ef slík endurheimt verður ekki á hálandinu. Líkur eru á að veituskurður um svæðið leiði til að langtímaáhrif verði meiri en sem nemur beinum áhrifum sem hljóttast af skerðingu votlendisins vegna framkvæmda við gróft veituskurðarins frá stöðvarhúsi Þramavirkjunar að Gilsárlóni. Skipulagsstofnun telur að áhrif Þramavirkjunar á gróður verði talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun telur að útfærsla á legu frárennsliskurðar frá Þramavirkjun ráði miklu um neikvæð áhrif hans á votlendi. Kanna verði í samráði við Umhverfisstofnun hvort mögulegt verði að hnika staðsetningu hans til austurs og hlífa þannig þessu verðmæta gróðurlendi.

^[1] Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen 2012. Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar. Gróðurkort. NÍ-12007, 32 bls.

^[2] Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen 2012. Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar. Gróðurkort. NÍ-12007, 32 bls.

5.3.2 Áhrif á fugla

Í matsskýrslu kemur fram að helstu umhverfisáhrif sem verði af völdum virkjana á veituleið á fuglalíf á svæðinu séu vegna nýrra skurða sem grafnir verða milli vatnanna auk stöðvarhúsastæða Þramarvirkjunar og Friðmundarvirkjunar. Þessar framkvæmdir feli í sér skerðingu á varplandi og búsvæðum auk þess sem efnislosun sé líkleg til að breyta gróðri. Enginn þeirra varpfugla sem fundust á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé á valista Náttúrufræðistofnunar, en þó sáust í nágrenni þess grágæs, himbrimi og hrafn sem eru á þeim valista. Gera megi ráð fyrir að skerðing búsvæða muni helst varða algenga fugla á landsvísu og á nærsvæðum, en að líkindum hafa hverfandi áhrif á tegundir á valista. Áhrif á fugla á framkvæmdasvæðinu verði að mestu varanleg en afturkræf og nokkuð neikvæð. Sé litið á áhrifasvæðið í heild þá verði áhrif á fuglalíf óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmda á fuglalíf verði að miklu leyti bundin við framkvæmdatíma vegna ónæðis vegna aukinnar umferðar vinnuvéla. Þó verði skerðing á varplandi og búsvæðum varanleg. Í heildina verði áhrif á framkvæmda á fuglalíf óveruleg.

5.3.3 Áhrif á vatnalíf

Í matsskýrslu kemur fram að bein áhrif verði á vatnalíf í vötnum á veituleið með greftri nýrra veituskurða og myndunar nýs lóns. Einhver tímabundin röskun verði á lífríki vegna efnistöku og rofs í veituskurðum en að áhrif framkvæmda á vatnalíf í vötnum á veituleið séu í heild sinni talin óveruleg.

Skipulagsstofnun bendir á að með tilkomu Blönduvirkjunar breyttust vötn á veituleið hennar úr tærum vötnum í vötn með jökulvatni og endurnýjunartími þeirra styttest vegna aukins gegnumstreymis, með þeim afleiðingum að framleiðsla vatnanna minnkaði. Þá hafa rannsóknir í tengslum við vöktun á vatnalífi á Auðkúluheiði staðfest að með tilkomu virkjunarinnar hefur fiski fækkaði í vötnum á veituleið, dregið hefur úr vexti þeirra og kynþroskaaldur lækkað. Stofnunin bendir á að fyrirhugaðar virkjanir munu að mestu leyti nýta núverandi veituleið og jökulvatn áfram renna um vötnin, þó leið þess milli vatnanna breytist með tilkomu nýrra veituskurða. Fram kemur að þrátt fyrir að hætt verði að beina veituvatni um Gilsvatn eigi eftir sem áður að beina jökulvatni beint í Fiskilæk um rauf í yfirfalli frá Austara-Friðmundarvatni og því telur Skipulagsstofnun líklegt sé að framleiðni vatnsins nái ekki því ástandi sem var fyrir tilkomu Blönduvirkjunar. Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði óveruleg á vatnalíf.

5.4 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna virkjana á veituleið Blönduvirkjunar bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

Hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis fellur innan marka Svæðisskipulags Miðhálandis Íslands 2015. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps hefur óskað þess að Skipulagsstofnun vinni tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Lýsing á tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda á veituleið Blönduvirkjunar er nú í kynningu. Stefnt er að því að Skipulagsstofnun afgreiði breytingartillöguna til umhverfis- og auðlindaráðherra að loknum athugasemdafresti í janúar 2015. Frestur ráðherra til að staðfesta breytinguna er þrjú mánuðir.

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við samþykktu tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022, sem bíður staðfestingar Skipulagsstofnunar þar til ráðherra hefur staðfest ofangreinda tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands.

Vinna þarf deiliskipulag fyrir virkjanir á veituleiðinni.

- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Húnavatnshrepps samkvæmt 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Framkvæmdin er háð byggingarleyfi Húnavatnshrepps samkvæmt 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.
- Framkvæmdin er háð virkjunarleyfi frá Orkustofnun samkvæmt 4., 5. og 6. gr. raforkulaga nr. 65/2003.
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Leyfi til mannvirkja- og fiskvegagerðar við ár og vötn frá Fiskistofu samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax og silungsveiði.

Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf Landsvirkjun að leggja fram áætlun um efnistöku í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem gera þarf grein fyrir magni, gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis.

6 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Landsvirkjunar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Landsvirkjunar byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu Landsvirkjunar til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Landsvirkjunar hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra virkjana á veituleið Blönduvirkjunar felist í áhrifum á gróður og landslag. Samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands er votlendi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði náttúrufarslega mjög verðmætt á landsvísu, einkum vegna þess að á miðhálandi Íslands er votlendi óalgengt. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er slíkt gróðurlendi helst að finna á milli Austara-Friðmundarvatns og Gilsárlóns, þar sem virkjanamannvirki Pramavirkjunar verða. Samkvæmt matsskýrslu er áætlað að gröftur veituskurða, haugsetning og mótun jarðefna muni skerða votlendi beint um 8 ha. Skipulagsstofnun telur hins vegar að afleidd áhrif þess að veituskurður mun liggja um votlendið geti leitt til þess að land þorni í nágrenni hans og endanleg áhrif verði umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í matsskýrslu. Óvissa er um að hve miklu leyti veituvatn sem um skurðinn rennur muni halda við grunnvatnstreymi frá votlendissvæðum sem að honum liggja. Skipulagsstofnun telur að verðmæti votlendis á Auðkúluheiði á landsvísu og verndun þess samkvæmt lögum geri það að verkum að á slíku gróðurlendi beri að fara með

sérstakri gát. Röskun þess verður ekki að fullu bætt með endurheimt votlendis á öðru svæði, einkum ef slík endurheimt verður ekki á hálendinu. Líkur eru á að veituskurður um svæðið frá stöðvarhúsi Þramavirkjunar að Gilsárlóni leiði til að langtímaáhrif verði meiri en sem nemur beinum áhrifum sem hljótast af skerðingu votlendisins. Skipulagsstofnun telur að áhrif Þramavirkjunar á gróður verði talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun telur að útfærsla á legu frárennslisskurðar frá Þramavirkjun ráði miklu um neikvæð áhrif hans á votlendi. Kanna verði í samráði við Umhverfisstofnun hvort mögulegt verði að hnika staðsetningu hans til austurs og hlífa þannig þessu verðmæta gróðurlendi.

Skipulagsstofnun telur helstu neikvæðu áhrif framkvæmdanna á landslag verða vegna efnistöku, haugsetningar og rasks á vinnusvæðum. Samkvæmt matsskýrslu munu framkvæmdirnar ekki hafa áhrif á landslagsheildir sem hafa gildi fyrir ósnert víðerni eða vernd (svæði á náttúruverndaráætlun, hverfisvernd), en slíkar heildir liggja vestan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Með hliðsjón af því að þeir veituskurðir sem eru til staðar hafa þegar sett mark sitt á landslag og ásýnd svæðisins telur Skipulagsstofnun að það sé síður viðkvæmt fyrir breytingum. Skipulagsstofnun áréttar það álit sem fram kemur í sérfræðiskýrslu um landslagsgreiningu á áhrifasvæði virkjananna, að tryggja eigi að svarðlag sem leggst til vegna framkvæmdanna verði nýtt við frágang, svo staðargróður nái sér á strik á þeim svæðum sem grædd verða upp að framkvæmdum loknum. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að hönnun og frágangur mannvirkja vegna fyrirhugaðra framkvæmda eigi að miða að því að tryggja að óskert víðerni suðvestur af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði skerðist ekki og að ný mannvirki sjáist ekki þaðan. Skipulagsstofnun telur að áhrif á landslag og sjónræn áhrif virkjanaframkvæmda í heild verði nokkuð neikvæð og áhrifin verði bein og varanleg eftir að rekstur virkjananna hefst.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð hönnun mannvirkja, verktilhögun og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum á rekstrartíma. Skipulagsstofnun telur sérstaklega mikilvægt að kanna leiðir til að koma í veg fyrir eða draga úr skerðingu votlendis og að svarðlag sem leggst til vegna framkvæmdanna verði nýtt við frágang að framkvæmdum loknum, einkum þar sem þær verða nærri óskertu víðerni.

Skipulagsstofnun leggur til eftirfarandi skilyrði við veitingu framkvæmdaleyfis:

Landsvirkjun eigi samráð við Umhverfisstofnun um endanlega legu veituskurðar frá stöðvarhúsi Þramavirkjunar að Gilsárlóni með það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr skerðingu votlendis á þeirri leið.

Reykjavík, 30. október 2014.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson